


The background of the entire page is a topographic map with white contour lines on a red background. The map shows a complex terrain with various peaks and valleys. In the upper right, there is a rectangular inset image.A rectangular inset photograph in the upper right corner shows a snowy mountain landscape. The scene is dominated by white snow under a clear blue sky. A dark, shadowed area in the foreground suggests a steep slope or a crevice. The overall tone is cold and serene.

OFANFLÓÐANEFND

Ársskýrsla 2001





Efnisyfirit

	Bls.
Inngangur	4
I. Ofanflóðanefnd	5
II. Ofanflóðasjóður	6
III. Framkvæmdir á sviði ofanflóðavarna	7
IV. Snjóflóðarannsóknir og hættumat	10
V. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs	12



Ofanflóðanefnd að störfum. Frá vinstri Smári Þorvaldsson verkefnisstjóri, Magnús Jóhannesson formaður, Óli Jón Gunnarsson og Húnbogi Þorsteinsson.

Inngangur

Þessi skýrsla frá stjórn Ofanflóðanefndar gefur yfirlit yfir störf nefndarinnar og verkefni Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2001. Á árinu 2001 var unnið að snjóflóðavörnum í fjölmörgum sveitarfélögum með stuðningi Ofanflóðasjóðs. Var meginhluti útgjalda Ofanflóðasjóðs sem fyrr tengdur framkvæmdum við byggingu varnarvirkja.

Árið 2001 markar nokkur tímamót í vinnu við hættumat þar sem lokið var við gerð nýs hættumats fyrir tvö sveitarfélög. Þetta er fyrsta hættumatið sem unnið er á grundvelli nýrra forsendna eftir sjóflóðin í Súðavík og á Flateyri 1995 og byggt er á nýjum reglum um hættumat vegna ofanflóða.

Með nýju hættumati er lagður grunnur að auknu öryggi íbúa þeirra sveitarfélaga sem búa við ofanflóðahættu og frekari grunnur að framkvæmd áætlana um byggingu varnarvirkja á snjóflóðasvæðum sem ríkisstjórnin samþykkti í nóvember 1996 og nær fram til ársins 2010.

Það er von Ofanflóðanefndar að þessi ársskýrsla gefi gott yfirlit yfir störf nefndarinnar og verkefni Ofanflóðasjóðs 2001.

Í maí 2003

Magnús Jóhannesson
formaður



Séð yfir Neskaupstað og hættusvæðin úr lofti.

I. Ofanflóðanefnd

Hlutverk

Samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum frá 1997 er hlutverk Ofanflóðanefndar tvíþætt:

- Að fjalla um og taka afstöðu til tillagna sveitarstjórna um gerð varnarmála á hættusvæðum. Sama gildir um uppkauptæki eða flutning húseigna.
- Að gera tillögur til umhverfisstjórnanna um fjárstuðning úr Ofanflóðasjóði við varnarframkvæmdir og aðrar forvarnaaðgerðir á hættusvæðum.

Nefndarmenn

Ofanflóðanefnd er skipuð þremur mönnum til fjögurra ára í senn. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar, einn er tilnefndur af félagsmálaráðherra og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Árið 2001 var nefndin þannig skipuð:

Nefndarmenn

- Magnús Jóhannesson
- Húnbogi Þorsteinsson
- Óli Jón Gunnarsson

Varamenn

- Ingimar Sigurðsson
- Berglind Ásgeirsdóttir
- Bjarni Þór Einarsson

Starfsmenn

Verkefnisstjóri nefndarinnar er Smári Þorvaldsson verkfræðingur. Hlutverk hans er að gæta hagsmuna Ofanflóðasjóðs, gera tillögur að verkefnum og skiptingu þeirra eftir fjármagni og eðli. Hann yfirfer samninga við ráðgjafa og verktaka, áritar reikninga og fylgist með framvindu verkefna sem sjóðurinn styrkir. Verkefnisstjórinn situr fundi með fulltrúum sveitarfélaga, ráðgjöfum og eftirlitsaðilum og hefur almenna heildaryfirsýn yfir framkvæmdir og stöðu þeirra. Verkefnisstjórinn hefur aðsetur í umhverfisstjórnuneyti.

Framkvæmdaáætlun

Ofanflóðanefnd hefur starfað samkvæmt rammaáætlun frá 1997, sem gerð var eftir heildarúttekt á þörfum fyrir snjóflóðavarnir á Íslandi árið 1996 í samvinnu umhverfisstjórnuneytisins og þeirra sveitarfélaga sem búa við snjóflóðahættu. Í framhaldi af því samþykkti ríkisstjórnin sérstaka framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að tryggja öryggi íbúa á snjóflóðahættusvæðum. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að ljúka brýnustu aðgerðum árið 2010.



Flateyri. Snjóflóðavarnarvirkin veita öryggi gagnvart snjóflóðum úr Skollahviltf og Bæjargili.

II. Ofanflóðasjóður

Hlutverk

Ofanflóðasjóður er fyrst og fremst forvarnasjóður sem hefur það meginhlutverk að standa straum af kostnaði við varnarframkvæmdir og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir, sem tryggja eiga öryggi íbúa á snjóflóðahættusvæðum. Í lögunum frá 1997 er kveðið á um fimm meginþætti sem Ofanflóðasjóði er ætlað að fjármagna:

- Kostnað við gerð hættumats fyrir byggð sem talin er á hættusvæði
- Kostnað við kaup og uppsetningu tækjabúnaðar sem notaður er við rannsóknir og eftirlit með snjóflóðum
- Allt að 90% af kostnaði við undirbúning og gerð varnarvirkja á hættusvæðum
- Allt að 60 % af kostnaði við viðhald varnarvirkja
- Allt að 90% af kostnaði sveitarfélaga við uppkaup á verðmætum eða flutningi þeirra á öruggt svæði

Verklagsreglur

Í verklagsreglum Ofanflóðasjóðs er kveðið á um að sveitarfélög sem hyggjast sækja um stuðning Ofanflóðasjóðs, til að tryggja öryggi íbúa sinna, verði að gera það áður en þau hefja framkvæmdir eða stofna til fjárskuldbindinga. Allar framkvæmdir sveitarfélaga á þessu sviði eru háðar samþykki Ofanflóðanefndar, þó frumkvæði að framkvæmdum verði að koma frá sveitarfélaginu sjálfu, með formlegri umsókn um stuðning Ofanflóðasjóðs. Það er hlutverk Ofanflóðanefndar að forgangsraða framkvæmdum í samráði við viðkomandi sveitarfélag og Veðurstofu Íslands. Verklagsreglur Ofanflóðanefndar taka einnig til þess hvernig skuli staðið að samningum við verktaka og aðra framkvæmdaaðila. Er þar kveðið á um að allir samningar skuli vera skriflegir og samþykktir af Ofanflóðanefnd og viðkomandi sveitarfélagi til að öðlast gildi. Einnig kveða verklagsreglurnar á um, að ávallt skuli leita hagkvæmustu leiða með útboðum eða samningum, og hafa ber í huga að allar framkvæmdir sem styrktar eru af Ofanflóðasjóði, eru opinberar framkvæmdir og lúta þannig lögum um opinberar framkvæmdir nr. 63/1970. Verkefnisstjóri er fulltrúi ráðuneytis og Ofanflóðanefndar, og fer hann með daglega yfirstjórn mála sem tengjast Ofanflóðasjóði.




Siglufjörður. Varnargarðarnir beina snjóflóðum úr Strengsgiljum og Jörundarskál fram hjá suðurhluta byggðarinnar.

III. Framkvæmdir á sviði Ofanflóðavarna 2001

Siglufjörður

Á árinu 2001 var unnið að uppgræðslu og gróðursetningu í kringum varnarvirkin á Siglufirði samkvæmt áætlun. Einnig var unnið að frumathugunum varna fyrir þann hluta bæjarins sem enn er óvarinn.



Útlínur snjóflóðs fyrir ofan byggðina á Siglufirði eftir að varnargarðar voru reistir. Á myndinni má sjá hvernig leiðigarðurinn beinir flóðinu frá byggðinni.

Neskaupstaður

Á árinu 2001 var unnið að framkvæmdum við stoðvirki á Drangagilssvæðinu í Neskaupstað og lauk þeim að mestu. Undirbúningsvinna að varnarframkvæmdum neðan Tröllagilja hófst einnig á árinu. Á framkvæmdasvæðinu við Drangagil hefur verið unnið að



Bolungarvík. Unnið var að undirbúningi varnarframkvæmda á árinu.

uppgræðslu, gróðursetningu og öðrum frágangi samkvæmt áætlun. Stígum og útsýnispalli hefur verið komið fyrir svo ferðalangar jafnt sem heimamenn geti skoðað sig um á svæðinu.

Seyðisfjörður

Hættumatsnefnd Seyðisfjarðar vann á árinu að hættumati og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki snemma næsta árs. Unnið var að undirbúningi varnarvirkis í Bjólfi og verður fyrsti áfangi vegagerðar inn á framkvæmdasvæðið boðinn út fljótlega upp úr áramóum.

Bolungarvík

Á árinu var unnið að undirbúningi varnarframkvæmda í Bolungarvík. Hönnun þvergarðs og keilna var lokið á árinu og er framkvæmdin tilbúin til útboðs. Einnig fór fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna og það kynnt í bæjarfélaginu. Vegna framkvæmda við varnarvirki þurfa sjö hús við Dísarland og Traðarland að víkja og hefur mat á staðgreiðslu markaðsverði þegar farið fram.

Ísafjörður

Á árinu kom beiðni frá bæjarstjórn Ísafjarðar um stuðning til uppkaupa á einni húseign á hættusvæði og var hún samþykkt.

Súðavík

Ofanflóðasjóður samþykkti beiðni Sveitarstjórnar Súðavíkur um þátttöku og styrk til uppkaupa tveggja húseigna á hættusvæði í sveitarfélaginu og eru það síðustu íbúðarhúsin á hættusvæði sem sveitarfélagið kaupir vegna snjóflóðahættu.

Mjóifjörður

Ofanflóðasjóður samþykkti á árinu að taka þátt í frumathugunum vegna forvarna fyrir bæinn Kastala í Mjóafirði og var hafist handa um verkið.


Ólafsfjörður

Á árinu var unnið að því að veita yfirborðsvatni sem rennur í fjalls hlíðinni fyrir ofan byggðina í farveg til sjávar. Með þessum aðgerðum er dregið úr líkum á því að aurskriður falli á byggðina.



Varnargarðarnir á Neskaupstað.

Súlurit yfir tekjur og gjöld frá 1996 - 2001



Allar tölur framreiknaðar á verðlag ársins 2001

Stærstu verkefnin á árinu 2001

Stærsti útgjaldaliður Ofanflóðasjóðs er tilfærslur til sveitarfélaga vegna framkvæmda við varnarvirki og aðrar forvarnaraðgerðir gegn snjóflóðum. Á árinu 2001 nam þessi liður um 310 milljónir króna af tæplega 390 milljóna heildar rekstrargjöldum sjóðsins. Stærstu verkefnin á sviði snjóflóðavarna árið 2001 voru unnin í eftirtöldum sveitarfélögum (sjá töflu hér að neðan). Einnig má sjá í töflunni kostnað við framkvæmdir einstaka sveitarfélags. Ársreikninga Ofanflóðasjóðs í heild er að finna aftast í skýrslunni.

Neskaupstaður	216.671.357 kr
Bolungarvík	46.152.262 kr
Ísafjörður	25.532.751 kr
Siglufjörður	19.955.553 kr
Ólafsfjörður	1.112.668 kr
Seyðisfjörður	1.033.292 kr



Ísafjarðarkaupstaður. Eyrarfjall og Gleidarhjalli.

IV. Hættumat og ofanflóðarannsóknir

Snjóflóðarannsóknir og hættumat

Á árinu 2001 fjármagnaði Ofanflóðasjóður umtalsverðar rannsóknir á sviði snjóflóða. Má þar einkum og sér í lagi nefna rannsóknir á sviði snjóflóðavarna, hættumats, verðurathugana ofl. Einkum hefur verið lögð áhersla á þróun aðferðafræði á sviði snjóflóðavarna. Hættumatsrannsóknir eru meðal þeirra rannsókna sem Ofanflóðasjóður fjármagnar og fara rannsóknirnar fram í samvinnu við innlenda og erlenda sérfræðinga, samkvæmt áætlun stjórnvalda um gerð hættumats fyrir öll byggð snjóflóðasvæði á landinu. Hér á eftir gefur að líta yfirlit yfir hættumat fyrir einstaka staði á landinu í lok ársins.

Neskaupstaður

Vinna við hættumat fyrir Neskaupstað hófst 1998 og vettvangskönnun fór fram þá um sumarið. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 8. maí 2001 og lágu síðan frammi til kynningar í fjórar vikur. Engar athugasemdir bárust frá hlutaðeigandi. Þess má geta að hættumatið fyrir Neskaupstað er fyrsta hættumatið sem gert er samkvæmt reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða.

Siglufjörður

Vinna við hættumat fyrir Siglufjörð hófst 1998 og vettvangskönnun fór fram þá um sumarið. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 4. desember 2001 og lágu frammi til kynningar í fjórar vikur. Engar athugasemdir bárust.

Seyðisfjörður

Vettvangskönnun vegna hættumats fyrir Seyðisfjörð var framhaldið á árinu 2001 og gengið frá tillögum að hættumati til kynningar á borgarafundi.



Siglufjörður í vetrarham.

Eskifjörður

Undirbúningsvinnu er að mestu lokið og gert er ráð fyrir að hættumat fyrir Eskifjörð verði kynnt á opnum borgarafundi í bæjarfélaginu fyrra hluta árs 2002. Í framhaldi af því mun umhverfissráðherra staðfesta hættumatið.

Ísafjörður, Skutulsfjörður og Hnífdalur

Undirbúningsvinnu vegna gerð hættumats fyrir þessa staði, er að mestu lokið og áætlað er að kynna hættumatið á opnum borgarafundi um mitt ár 2002. Í framhaldi af því mun umhverfissráðherra staðfesta hættumatið.

Ýmsir staðir

Hvað önnur snjóflóðahættusvæði á landinu varðar þá er vinna hafin við gerð hættumats fyrir Ólafsvík, Bíldudal og Patreksfjörð. Í undirbúningi er að hefja vinnu við hættumatsgerð fyrir Fáskrúðsfjörð, Ólafsfjörð, Flateyri, Suðureyri, Súðavík og Tálknafjörð.



Neðsti hluti varnargarðsins á Neskaupstað.

Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2001

Rekstrarreikningur ársins 2001

	2001	2000
Rekstrartekjur		
Forvarnargjald.....	708.322.904	596.917.831
Rekstrartekjur samtals	<u>708.322.904</u>	<u>596.917.831</u>
Rekstrargjöld		
Almenn rekstrargjöld.....	6.898.129	5.738.420
Sérstök verkefni.....	11.400.424	5.121.427
Hættumat.....	4.136.775	0
Tilfærslur til sveitarfélaga.....	310.457.883	247.886.393
Tilfærslur til Veðurstofu Íslands.....	<u>55.000.000</u>	<u>74.623.734</u>
Rekstrargjöld samtals	<u>387.893.211</u>	<u>333.369.974</u>
Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	<u>320.429.693</u>	<u>263.547.857</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)..	55.150.506	2.713.874
Tekjuafgangur ársins	<u><u>375.580.199</u></u>	<u><u>266.261.731</u></u>



Keilurnar á Neskaupstað eru mikil mannvirki eins og sjá má á myndinni en þær eru 13 talsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

	2001	2000
Eignir		
Langtímakröfur		
Langtímakröfur.....	232.862.597	183.213.862
Næsta árs afborganir.....	0	0
Langtímakröfur samtals	<u>232.862.597</u>	<u>183.213.862</u>
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur.....	182.987.329	149.118.537
Næsta árs afborganir.....	0	0
Handbært fé.....	<u>958.113.651</u>	<u>1.033.445.424</u>
Veltufjármunir samtals	<u>1.141.100.980</u>	<u>1.182.563.961</u>
Eignir alls	<u>1.373.963.577</u>	<u>1.365.777.823</u>
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé.....	<u>1.343.357.586</u>	<u>955.128.652</u>
Eigið fé samtals	1.343.357.586	955.128.652
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður.....	25.861.119	402.946.183
Skammtímaskuldir.....	<u>4.744.872</u>	<u>7.702.988</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>30.605.991</u>	<u>410.649.171</u>
Skuldir samtals	<u>30.605.991</u>	<u>410.649.171</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>1.373.963.577</u>	<u>1.365.777.823</u>



Snjógrindur í Drangagili ofan Neskaupstaðar.

Sjóðstreymi ársins 2001

	2001	2000
Handbært fé frá rekstri		
Langtímakröfur		
Tekjuafgangur ársins.....	375.580.199	266.261.731
Endurmat lána bakfært.....	0	3.608.326
Veltufé frá rekstri	<u>375.580.199</u>	<u>269.870.057</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur (hækkun).....	(33.868.792)	15.052.194
Skammtímaskuldir (lækkun).....	<u>(380.043.180)</u>	<u>344.621.546</u>
Breyting samtals	<u>(413.911.972)</u>	<u>359.673.740</u>
Handbært fé frá rekstri	(38.331.773)	629.543.797
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt löng lán.....	(37.000.000)	(37.712.459)
Afborganir veittra lána.....	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	<u>(37.000.000)</u>	<u>(37.712.459)</u>
Breyting á handbæru fé	(75.331.773)	591.831.338
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>1.033.445.424</u>	<u>441.614.086</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>958.113.651</u></u>	<u><u>1.033.445.424</u></u>

